

**Nd.**

## **254. Frumvarp til laga**

um læknisvitjanasjóði.

Flm.: Helgi Jónasson, Vilmundur Jónsson.

### **1. gr.**

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kaupþúns, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1000 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.

### **2. gr.**

Læknisvitjanasjóðir, er njóta hfunninda samkvæmt lögum þessum, skulu ná til heils læknishéraðs og hafa að markmiði að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða lækniþókn, eða létta þeim lækniþóknina á annan hátt.

Í stjórn læknisvitjanasjóðs skulu vera bæjarlógeti, sýslumaður eða lögreglustjóri þess lögsagnarumdæmis, er meiri hluti hlutaðeigandi læknishéraðs heyrir undir, og tveir menn kosnir á sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa lækniþókn héraðsins. Formaður er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

Stjórn lækniþókn héraðsins setur að öðru leyti reglur um starfsemi sjóðsins, er ráðherra staðfestir. Í reglum þessum skulu vera ákvæði til tryggingar hagsmunum íbúa mjög afskekktara staða. Þess skal og gætt, að samlagsmenn sjúkrasamlaga innan lækniþókn héraðs séu eigi miður settir að því er tekur til aðstoðar sjóðsins en aðrir héraðsbúar.

### **3. gr.**

Þegar læknisvitjanasjóður hefur verið stofnaður í lækniþókn og nýtur styrks samkvæmt lögum þessum, falla niður lækniþóknastyrkir þeir, er héraðinu kunna sérstaklega að vera ætlaðir í fjárlögum.

### **4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1942.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Eins og 1. gr. frumv. ber með sér, er þar farið fram á, að ríkissjóður leggi fram fé til lækniþókn héraðsins, sem stofnaðir kunna að verða, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Þó má framlag ríkissjóðs ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa utan þess hrepps, er læknirinn situr í, og aldrei nema hærri upphæð á ári en 1000 kr. til hvers einstaks lækniþókn héraðs. Eins og kunnugt er, hagar víða svo til í

dreifbýlinu hér á landi, að fjöldi fólks á mjög langt til læknis og læknisvitjanir því mjög kostnaðarsamar. Í sumum héruðum er það þannig, að um helmingur héraðsbúa býr í 40—50 km fjarlægð og þaðan af meiri frá lækni, og er því ferðakostnaðurinn, hvort sem notaðir eru bílar eða bátar, 60—80 kr. fyrir eina læknisferð. Og sjá allir, hvað það verður tilfinnanlegur útgjaldaliður fyrir marga, þegar mikil veikindi steðja að. Þetta hefur Alþingi líka áður viðurkennt með því að veita styrk til ýmsra hreppa, sem sérstaklega hafa verið illa í sveit settir hvað þetta snertir, en bæði er nú það, að ýmsar aðstæður hafa breytzt og breytast árlega með bættum og breyttum samgönguleiðum, svo að þeir hreppar, sem áttu öðrum fremur rétt á styrk fyrir nokkrum árum, eiga nú trauðlega rétt til slíkra hlunninda, samanborið við ýmsar aðrar sveitir í hinum ýmsu héruðum. Með frumv. þessu er öllum læknishéruðum gefinn kostur á, gegn framlagi úr læknishéruðunum, að mynda sjóð til úrbóta í þessu, sem verður undir stjórn þar til kjörinna manna úr læknishéraðinu sjálfu og eru því nákunnugir öllum aðstæðum.